

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Mast, Dalshrauni og Teams
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	13. júní 2022
<i>Fundarritari:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundartími:</i>	14:00 – 16:00
<i>Fjarverandi:</i>	Árni Kristmundsson (Keldur)		
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir (formaður), Guðni Guðbergsson (Hafró), Rakel Guðmundsdóttir, (Hafró), Guðni Magnús Eiríksson (Fiskistofa) og Þorbjörg Einarsdóttir, varamaður (Keldur). Auk nefndarmanna var Gísli Jónsson, sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma (Mast)		

Dagskrá

- Blóðþorri (ISA – infectious salmon anaemia) í eldislaxi á Austfjörðum
- Önnur mál

Umræða

Áður en gengið var til dagskrár upplýsti formaður að starfsmaður nefndarinnar undanfarin misseri væri ekki lengur í því starfi og að formaður annaðist nú umsýslu varðandi nefndina. Formaður reifaði ástæður þess að fundur hefði ekki verið boðaður fyrr. Ekki voru gerðar athugasemdir við dagskrá.

- Blóðþorri (ISA – infectious salmon anaemia) í eldislaxi á Austfjörðum

Formaður þakkaði Gísla fyrir góða og tíða upplýsingagjöf til nefndarinnar um framvindu greininga á veirunni á Austfjörðum og viðbrögð við þeim. Gísli fór ítarlega yfir tímalínu greininga veirunnar og viðbragða hverju sinni, allt frá fyrsta grun um alvarleg veikindi í kví nr. 7 í Gripalda í Reyðarfirði (G7) þann 23.11.2021 og fram til dagsins í dag. Gísli upplýsti að með raðgreiningu stofna hefði komið í ljós að um „Primary **outbreak**“ hefði verið að ræða, þ.e. að smitið hefði komið upp í Gripalda eftir stökkbreytingu á HPR0 „góðkynja afbrigði“ veirunnar yfir í HPR-del „meinvirkt afbrigði“ veirunnar. Gísli færði rök fyrir þeirri kenningu að smitið hefði dreift frá Gripalda yfir á önnur eldissvæði með tækjabúnaði, en með raðgreiningum hefur komið í ljós að um sama uppruna er að ræða. Meinvirkt afbrigði veirunnar hefur greinst í Gripalda, Sigmundarhúsum og Vattarnesi í Reyðarfirði annars vegar og Hamraborg og Svarthamarsvík í Berufirði hins vegar. Veiran hefur ekki greinst í Fáskrúðsfirði. Klínísk einkenni hafa aðeins komið fram í einni kví (G7), en ekki í öðrum kvíum þar sem meinvirka afbrigðið hefur greinst. Fiskur með klínísk einkenni var svæfður undir eftirliti Matvælastofnunar, úr fiskinum var unnið hráefni í loðdýrafóður til útflutnings. Það sama er gert við fisk úr kvíum sem er of smár til mannelis þó svo klínísk einkenni hafi ekki komið fram. Fiskur án klínískra einkenna er að öllu jöfnu slátrað til mannelis. Áætlað er að slátrun eldisfiska á Austfjörðum ljúki seinni partinn í sumar. Eldissvæði þar sem meinvirka afbrigði veirunnar hefur greinst fer í þriggja mánaða hvíld, en fram kom að eins mánaða hvíld er hefðbundinn hvíldartími í nágrannalöndum okkar.

Að lokinni framsögu var Gísli þakkað og ítarlegar umræður fóru fram auk frekari fyrirspurnar sem Gísli svaraði.

- Önnur mál

Guðni Magnús reifaði málefni um lúsamál á Vestfjörðum, fram kom að nú stendur yfir rannsókn á Keldum um næmi/ónæmi laxalúsa fyrir lúsalyfjum. Einnig var rætt um kýlaveikibróður sem upp kom í bleikju í land-eldisstöð á Reykjanesi og sýklalyfjanotkun vegna þeirrar bakteríu.

Niðurstaða

Varðar lið 1: Ákveðið að Guðni Guðbergsson skrifaði drög að bókun og er eftirfarandi bókun samþykkt samhliða fundargerð þessari:

„Fisksjúkdómanefnd fjallaði, á fundi sínum þann 13.06.2022 um þá alvarlegu stöðu sem upp hefur komið vegna blóðþorra (ISA veirusýkingu) í laxi í sjókvíum á fimm eldissvæðum Reyðarfirði og Berufirði. Brugðist hefur verið við þegar sýni hafa greinst jákvæð fyrir meinvirku afbrigði ISA veirunnar, með því að flýta slátrun úr kvíum sem kunna að verða útsettar og farga fiskum úr þeim kvíum þar sem klínísk einkenni hafa komið fram. Matvælastofnun hefur virkjað þá verkferla sem þurft hefur virkja m.a. með því að setja á dreifingarbann frá viðkomandi fyrirtækjum á þeim svæðum sem grunur hefur beinst að. Matvælastofnun hefur upplýst fisksjúkdómanefnd ítarlega með reglulegum hætti á undanförunum vikum, bæði þegar grunur um smit hefur komið og þegar greiningar hafa legið fyrir sem staðfestu meinvirkt afbrigði veirunnar, ásamt þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í þeim tilgangi að hefta útbreiðslu hennar. Fisksjúkdómanefnd ítrekar mikilvægi þess að efla þekkingu og eftirlit með sjúkdómum við íslenskar aðstæður og að draga þurfi lærdóm af stöðinni sem nú er uppi á Austfjörðum. Skerpa þarf á verkferlum eldisfyrirtækja til að hindra frekara smit eða útbreiðslu blóðþorra sem og mögulegra annarra smitsjúkdóma sem geta fylgt eldi fiska í opnum sjókvíum.“

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið 16:00